



Húsið var byggt á sínum tíma fyrir síldarverksmiðju. Sambærileg starfsemi hefur verið frá upphafi en undanfarin ár hefur það staðið að mestu tóm. Árið 2014 var viðbygging norðvestan þess rífin og fjarlægð en gólfplata hennar skilin eftir. Skipt var um glugga í öllu verksmiðjuhúsinu og gert við steypu utanhúss og það málað. Burðarvirki er úr staðsteypu, súlum og bitakerfi. Notkun hefur kallað á að gerð væru göt víða á milli hæða og sum þeirra þarf að fylla í við breytta notkun.

Verkið felur í sér endurbætur og innréttingu á Grandagarði 20, mhl. 07 fyrir breytta starfsemi frá því sem áður var. Byggingin kemur til með að hýsa veitingastað, bóksölu, sýningarsali vinnustofur tengdar listum, ásamt stoðkjörnum þeirra. Á 1.hæð er veitingastaður með bar ásamt lítilli bóksölu, sýningarsalir eru á 2. og 3.hæð en vinnustofa á 4. hæð. Á hverri hæð stoðkjarnar fyrir starfsfólk. Húsið er í megin dráttum tveir hlutar, suðvestur hlutinn er auk efstu hæðar og norðaustur hlutinn 4 hæðir auk efstu hæðar. Stoðkjarnar og salernisaðstaða fyrir gesti er staðsett á 1.hæð. Í húsinu verður lyfta sem hentar jafnt til fólks- og vöruflutninga og gengur frá 1.hæð til 4. hæðar. Aðalinngangur verður að norðvestan, frá Járnbraut.

Verkkaupi

HB Grandi

Raflagnahönnun

Verkfræðistofan Víðsjá ehf.

Verk hefst

Mars 2016

Eftirlit

ASK Arkitektar – Össur Imsland

Arkitektar

Kurt og Pí & ASK Arkitektar

Burðarþol og lagnir

Verkfræðistofan Víðsjá ehf.

Verklok

Ágúst 2016